

Þessu svörum vèr á þá leið, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera utanríkisstjórninni samdóma í því, að greiða skuli gjald þetta af dönskum skipum, þá er þau fara úr utanríkishöfnum til Íslands, og leyfum vèr oss að bæta því við röksemdir þær er utanríkisstjórnin hefir þegar til greindar, að þar sem sagt er í áttundu klausu¹ í 8. gr. laganna 15. apríl 1854, að skip þau, er hér um ræðir, skuli hafa vöruskrá og heilbrigðisskýrteini meðferðis, eins og til er tekið um utanríkisskip, þá muni svo hafa verið til ætlazt, að þá skyldi og lúka jafnmikið gjald fyrir staðfesting skýrteina þessara af dönskum skipum.

1858.

6. maí.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurdæminu, um kaupskap.

6. maí.

Þér hafið, herra amtmaður, ritað oss 28. október í fyrra um bónarbréf frá kaupmönnum nokkrum á Akureyri, og beiðzt úrskurðar vors á því, hvort leyfilegt sè eptir opnu bréfi 7. apríl 1841, 1. gr., að tveir lausakaupmenn, er eitt verzlunarhús hefir gjört út, verzli báðir á einni höfn samtíðis, og í öðru lagi, hvort kaupmaður eður kaupmannafélag, er á eður hefir á leigu sölubúð í einum kaupstað, þar sem verzlað er í að staðaldri, megi samtíðis reka verzlun á skipi úti, er þar liggur á höfninni.

Þér hafið, herra amtmaður, í ljósi látið, að yður þætti þetta án alls efa leyfilegt, með því að í lagabodinu væri að eins sagt, að eigi væri kaupmanni leyfilegt að hafa tvær sölubúðir í sama kaupstað, og væri því eigi átt við þá sölu, sem hér um ræðir, með orðum lagabodsins; þá hefði og tilgáangur lagabodsins (*ratio legis*) verið sá, sem skírlega væri tekið fram í inngangi lagabodsins, að afstýra öllu því er hamlaði kappverzlun; en eigi hamlaði það kappverzlun, þótt verzlun væri rekin á þann hátt,

1) Klausu þessi er svo látandi: „en dönsk skip, sem frá útlöndum sigla til Íslands, verða að hafa vöruskrá og heilbrigðisskýrteini, eins og áður er sagt um utanríkisskip” (sjá Stjórnartíð. 5. bls.).

1858.

6. maí.

er farið væri fram í bónarbréfinu, því hafnir á Íslandi, að minnsta kosti fyrir norðan og austan land, væri svo rúmgóðar, að þar mætti liggja fleiri skipum í senn, en nokkru sinni mundi að bera.

Nú með því að dómsmálastjórnin hlýtur að fallast með öllu á þessa skoðun yðra, herra amtmaður, þá biðjum vör yður að svara þeim mönnum á sömu leið, er hér eigu hlut að máli.

6. maí. **9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um póstgöngur.**

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 26. janúar í vetur skýrt oss frá, að sèra Jón Jónsson, prestur á Vífðivöllum, hafi nú sagt sèr af hendi afgreiðslu póstsins, er hann svo lengi hefir með höndum hafða, og að þér hafið fengið í hans stað aptur Ara stúdent Arason á Flugumýri, og beiðizt þér síðan, að Ara verði veittir 6 rd. ár hvert frá nýári 1857, í þóknunar skyni fyrir fyrirhöfn hans á afgreiðslu póstsins og heimtíng bréfburðareyris.

Þessu svörum vör á þá leið, að dómsmálastjórnin vill eigi, að svo vöxnu máli, vera því mótfallin, að Ari fái 6 rd. þóknun ár hvert, meðan eigi fæst annarr í hans stað; en þess væntum vör, eptir því sem yður farast orð í bréfi yðru, að þér, herra amtmaður, leitizt sem fyrst við að fá annan mann, er sè betur settur, og þá einkanlega prestinn, er nú kemur að Miklabæ, til þess að takast þetta starf á hendur, og það póstsjóðnum að kostnaðarlausu, ef auðið væri.